Qualified Electronic Signature
GUÐBJÖRG STELLA ÁRNADÓTTIR
2022-09-15 14:02:21 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2022-09-15 14:05:20 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 14. september 2022
UST202203-070/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 15.08 2022 – Olíudreifing ehf., Patreksfirði**

Þann 15. ágúst sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Patreksfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var sett fram er varðar uppfærslu áætlana og verklagsreglna m.t.t. nýs stöðvarstjóra. Tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða:**

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Þjálfun stöðvarstjóra er ekki fullnægjandi og aðgengi hans að mikilvægum áætlunum og göngum ekki til staðar.
2. Gr. 4.1 og 4.3 í starfsleyfi. Skráningum og aðgengi á upplýsingum í rekstrarhandbók, varðandi rekstrarþætti stöðvarinnar er ábótavant.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. október 2022**.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
***Sérfræðingur***

Sigríður Magnúsdóttir
***Sérfræðingur***